

**Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll 137**  
**ósamsettum reiðhjólahlutum.** 16. des.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið að framvegis, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli ósamsett stálrör og stálrörhlutar til reiðhjólagerðar tolluð eftir nr. 16 í 63. kafla tollskrárinnar, ef rörin eða rörhlutarnir hafa aðeins verið beygð eða flatpressuð, en hafa ekki verið frekar unnin eftir að þau voru steypt. Aðrir hlutar í reiðhjól komi hins vegar eftirleiðis eins og hingað til undir nr. 14 í 75. kafla tollskrárinnar.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni í 71. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, 138**  
**um bann gegn því að varpa akkerum eða stunda fiskveiðar á vissum 23. des.**  
**stöðum vegna hernaðaraðgerða Breta.**

Til viðbótar við áður auglýstar tálmanir á siglingaleiðum hér við land, vegna hernaðaraðgerða brezka setuliðsins, hefir herstjórnin tilkynnt, að bannað sé að varpa akkerum eða stunda hvers konar fiskveiðar á eftirtöldum stöðum:

